



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Sent á: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 2. maí 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um virðisaukaskatt og kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengitvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengitvinnbifreiða, 908. mál. Samtökin styðja þær þörfu breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu.

SI hafa á undanförunum árum bent á atriði sem óvissa hefur verið um í skattframkvæmd hér á landi. Hefur þetta komið niður á verðmætasköpun, valdið óvissu hjá fyrirtækjum sem og hamlað erlendri fjárfestingu. Meðal annars hafa komið fram ábendingar er varða gildissvið 10. tölul. 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (vskl.) og er því jákvætt að það eigi að bregðast við með frumvarpi þessu sem eykur skýrleika. SI telja afar mikilvægt að dregið verði úr óvissu um tilhögun skattlagningar þegar þjónusta er seld til atvinnufyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, og að ákvæðið verði í samræmi við meginstef fjarlægðarreglunnar (e. destination principle).

Samtökin hafa mælt fyrir mikilvægi þess að litið sé til raunverulegs umráðaréttar eiganda fasteignar eða mannvirkis. Sé það ekki gert, getur skapast réttaróvissa vegna svigrúms skattyfirvalda til túlkunar í þeim tilfellum þar sem erlendum atvinnufyrirtækjum er seldur aðgangur að aðstöðu til hýsingar á lausafé. Á þetta við í þeim tilfellum þar sem afnotaréttur erlends kaupanda er það takmarkaður að ómögulegt er að jafna honum við raunveruleg umráð eiganda aðstöðu. Þessi afmörkun er til samræmis við túlkun Evrópudómstólsins í máli C-215/19 þar sem sala á aðstöðu undir netþjóna innan fasteignar var ekki talin skapa umráðarétt á fasteign sem jafna mætti við raunverulegan umráðarétt hjá eiganda fasteignar. Samtökin fagna því þeim breytingum og lögskýringum á 1. mgr. 12. gr. sem lagðar eru fram í frumvarpi þessu og svara knýjandi þörf um aukinn skýrleika laganna.

Að lokum vilja samtökin leggja áherslu á að umræddar breytingar eru afmarkaðar en þörf er á frekari breytingum og hvetja stjórnvöld til aðgerða til að skapa betri starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum. Það mun leiða til aukins skýrleika og skilvirkni í skattframkvæmd og aukinnar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem flytja út þjónustu og skapa útflutningstekjur.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

Lilja Björk Guðmundsdóttir
Yfirlögfræðingur SI